

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 262 19. maí 1980,
um veiðitakmarkanir 1. maí — 15. ágúst 1980.

1. gr.

3. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sigli skip með afla til löndunar erlendis, sem fengist hefur á tímabilinu 1. júlí — 15. ágúst 1980 og reynist þorskur yfir 15% af heildar afla, miðast upphaf tímabils við þann tíma, er skip heldur í siglingu með afla frá íslenskri höfn.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 124 16. júní 1953,
um verkun og mat á skreið til útflutnings.

1. gr.

Um herta fiskhausa gilda eftir því sem við á sömu ákvæði og um verkun og mat á skreið til útflutnings.

2. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða gefur út nánari reglur og fyrirmæli til yfirmatsmanna og matsmanna um meðferð, verkun og flokkun á hertum fiskhausum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júlí 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.